

Garðabæ, 5. desember 2019

Heil og sæl

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt samhljóða að setja af stað starfshóp til að vinna að framgangi stafrænnar framþróunar og þjónustu hjá Garðabæ. Búið er að skipa í starfshópinn en auk undirritaðrar eiga þar sæti bæjarfulltrúarnir Almar Guðmundsson og Ingvar Arnarson. Með hópnum starfar Sunna Guðrún Sigurðardóttir.

Á undanförunum árum hefur mikil tækniþróun átt sér stað sem getur auðveldað og bætt aðgengi að upplýsingum og sérsniðið þjónustu að þörfum notenda. Ferlar og vinnubrögð taka breytingum og tækifæri til að gera vinnuferla skilvirkari og betri. Það liggja mikil tækifæri í því að tengja þá tækni sem við höfum í dag við t.d. gervigreind og aukna sjálfvirknivæðingu.

Garðabær hefur alla burði til að vera í fararbroddi í stafrænni þjónustu. Stafræn vegferð sveitarfélagsins er samstarfsverkefni þvert á öll svið og við óskum því eftir ykkar aðstoð. Í þeirri vinnu sem er framundan er mikilvægt að fá tilfinningu fyrir sjónarmiðum, væntingum og þörfum ólíkra sviða. Allar hugmyndir, ábendingar og aðrar þælingar eru því vel þegnar og hvetjum ykkur til að koma þeim til okkar.

Nú mótum við stefnu og sýn um það hvernig stafræn framtíð getur aukið lífsgæði íbúa Garðabæjar.

Bestu kveðjur,
Áslaug Hulda Jónsdóttir